

Fundargerð 974. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 19. mars kl. 07:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga 2025 - 2503019SA

Lagt fram samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga vegna barna með fjölþættan. Jafnframt lagt fram samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um ábyrgðarskiptingu á uppbyggingu hjúkrunarheimila.

Stjórn samþykkir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um börn með fjölþættan vanda annars vegar og hins vegar samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um ábyrgðarskiptingu á uppbyggingu hjúkrunarheimila.

2. Samningar um þjónustu hjúkrunarheimila 2022-2025 - 2111024SA

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar 14. mars 2025, en þá var málinu frestað til næsta fundar.

Gildandi samningar um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimila renna út í lok mars. Stjórn felur framkvæmdastjóra Sambandsins að skipa tvo fulltrúa í samninganefnd með Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu vegna komandi samningaviðræðna við Sjúkratryggingar Íslands.

3. Minnisblað um breytingar á tillögu kjörnefndar - 2407022SA

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 18. mars 2025, um möguleika til breytinga á tillögum kjörnefndar.

Fundi var slitið kl. 08:00